

Ný hjálpsamtök

Frá Lárusi Þórhallssyni:

PALADÍNAR eru hjálpsamtök sem stofnuð voru af Lárusi Þórhallssyni. Nafn samtakanna er dregið frá riddurum frá 8. öld og eftir 1066, sem lifðu eftir riddarareglum sem voru grundvallaðar á trúarlegum grunni. Samtökin ná til allra sálrænna vandamála sem hægt er að búa við. Þannig að hvort sem fólk býr við þunglyndi, geðklofa, alkóhólisma, geðhvörf, skapsmunaköst eða í raun hvaða sálræn vandamál og geðraskanir sem er, þá eru samtökin til þess stofnuð að koma til móts við það.

Þó að veikindin taki á sig mismunandi myndir þá liggur samt sama rótin að baki, líkt og með tré; þótt maður höggvi ávextina burt þá koma bara aðrir í staðinn meðan greinin er til, og þótt maður höggvi greinina burt kemur bara önnur í staðinn meðan rótin er til. Þess vegna viljum við höggva burt ræturnar að veikindunum og planta nýjum grundvelli í staðinn fyrir fólk til að lifa eftir.

Hér getur fólk deilt reynslu sinni með öðrum, rætt um það sem því brennur á hjarta og fengið stuðning frá öðrum meðlimum. Reynt er að finna úrræði við þeim vandamálum sem hver maður stendur frammi fyrir og styðja hvern mann til að geta staðið á eigin fótum í veikindum, náð áttum og tekið skynsamlegar ákvarðanir í mismunandi aðstæðum.

Það eru ákveðin grundvallaratriði sem hver maður þarf að heyra og vita til þess að geta horfst í augu við veikindin og sigrast á þeim. Þannig vilja samtökin búa til fullkominn grundvöll fyrir fólk sem það sjálft byggir ofan á þegar það fylgir sinni eigin sannfæringu.

Við klæðumst ekki efnislegum herklæðum og vopnum, heldur andlegum. Hjálmur okkar er víðsýni, skilningur og rökvísi. Sverð okkar er elska, hugsjónir og sannleikur. Skjöldur okkar er trú, von og afneitun (hunsar ósjálfráðar hugsanir). Brynja okkar er þolinmæði, æðruleysi og óeigingirni. Beltið sem heldur herklæðunum saman er viljinn (beislar athyglina), frelsi og þekking. Hesturinn sem við ferðumst á er hreinskilni, skynjun, innsæi hjartans og skynsemi.

Hist er í Geðhjálp á mánudögum kl. 20:00.

Heimasíðan um grundvallaratriði samtakanna er: <http://www.blog.central.is/paladinar>.

Fólki er frjálst að hafa samband við mig á heimasíðunni (vinstra megin á glugganum) ef það vill fá ráðgjöf og tala um það sem því brennur á hjarta.

LÁRUS ÞÓRHALLSSON,
Álfalandi 15, Reykjavík.